

Stjórnarfundur Bergrisans 26. júní 2019

Fundur hófst klukkan 10:00 í ráðhúsi Árborgar.

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir og Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmenn sem jafnframt ritar fundargerð. Einnig starfsmennirnir Ingibjörg Garðarsdóttir, Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir, Arna Ýr Gunnarsdóttir og Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögfræðingur.

Dagskrá

Sólheimar, samkomulag um rekstur

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögfræðingur fer yfir tillögur um greiðslur til verksala í þjónustusamningi. Lögfræðingi falið að fá frekari skýringar á útreikningum greiðslna Bergrisans bs. vegna þjónustusamningsins frá ráðuneytinu í samræmi við umræður fundarins. Umræður um aðrar greinar samningsins.

Kerlingadalur

Erindi fh. Kerlingadals frá Láru V. Júlíusdóttur lögfræðingi þar sem gerð er krafa um greiðslu uppsafnaðs taps kr. 24.687.742 í samræmi við „loforð“ frá 2. janúar 2018 frá forsvarsmönnum Bergrisans. Stjórn Bergrisans bs. hafnar því alfarið að fyrir liggja loforð um greiðslu uppsafnaðs taps. Formanni ásamt lögmanni falið að svara erindinu í samræmi við umræður fundarins.

Fjöldi íbúða í sjö íbúða þjónustukjarna (búsetukjarna)

Formaður kynnir að byggingarnefnd vegna búsetukjarnans komi saman í ágúst vegna málsins.

Úrskurður úrskurðarnefndar Velferðarmála um nýja meðferð

Bergrisans á máli VG

Örnu Ýr falið að vinna málið áfram í samstarfi við lögmann og leggja gögn fyrir næsta fund stjórnar Bergrisans bs.

Fundi slitið kl. 12:55